

Ed.

472. Frumvarp

til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Eftir 3. umr. i N.).d

Samhljóða þskj. 415, með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingaráhjálp og öðru, eftir reglum, er læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir, eru islenskir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til

handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu óhæfir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlýfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

21. gr. hljóðar svo:

Læknar og aðrir, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, geta fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr.